TB
01 MARS 2007
45.20
UST20070200125

UST
**Umhverfisstofnun**
*Environment and Food Agency of Iceland*
*Suðurlandsbraut 24*
*IS-108 Reykjavík, Iceland*
*(+354) 591 2000*
*Fax (+354) 591 2010*
*umhverfisstofnun@ust.is*
*www.umhverfisstofnun.is*

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2007
Tilvísun: UST20070200125/tb

**Efni: Breyting á starfsemi Sæsilfurs hf. Mjóafirði, Fjarðabyggð**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun dags. 19. febrúar sl., þar sem er óskað eftir áliti Umhverfisstofnunar á breytingum á starfsemi Sæsilfurs hf. í Mjóafirði m.t.t. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og 11. gr. reglugerðar þar við nr. 1123/2005. Gert er ráð fyrir að breyta starfseminni úr 8000 tonna framleiðslu af laxi í 7000 tonn af laxi og 1000 tonn af þorski.

Umhverfisstofnun metur það svo að framangreindar breytingar séu ekki þess eðlis, miðað við núgildandi starfsleyfi og rekstur undanfarin ár, að það kalli á mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin bendir hins vegar á að endurskoða þarf starfsleyfi Sæsilfur m.t.t. til fyrirhugaðra breytinga.

Virðingarfyllst

Helgi Jensson

Trausti Baldursson